

Vinnuhópur um kortlagningu slóða - Fundargerð 2

Annar fundur vinnuhóps um kortlagningu slóða í Mosfellsbæ.

Mætt:

Bjarki Bjarnason
Örn Jónasson
Samson Bjarnar Harðarson

Úrsúla Junemann
Guðrún Birna Sigmarsdóttir
Tómas G. Gíslason

Farið fyrri stöðu málsins.

Tómas og Guðrún upplýstu um að heimild hafi fengist til að fjárfesta í forritinu Power Draft sem er útgáfa af Microstation og hentar vel til að teikna í landupplýsingakerfi. Forritið er talsvert fullkomnara en Bentley Navigator og ætti því að nýtast betur til úrvinnslu verksins. Guðrún hefur auk þess góða þekkingu á forritinu. Kostnaður var meiri en við einfalt Bentley Navigator leyfi, en talsvert ódýrari lausn en fullt Microstation leyfi. Forritið mun nýtast Guðrún ekki eingöngu við kortlagningu slóða heldur einnig við önnur störf hennar sem verkefnastjóri í garðyrkjudeildinni, s.s. við hönnun opinna svæða, leikvalla, bílastæða o.s.frv.

Guðrún hefur verið að flytja upplýsingar af upphaflega pappírskortinu yfir á rafrænt form sem hægt er að vinna með og gengur það verkefni vel.

Þegar þeirri vinnu er lokið tekur við vinna við uppfærslu og lagfæringar þeirra gagna sem nú liggja fyrir, sem eru þrjú kort sem sýna 1) stikaðar gönguleiðir skáta á fellin í Mosfellsbæ, 2) reiðleiðir og 3) gögn frá Slóðavinum sem sýna akslóða. Þessi gögn eru þó ófullkomin og þarf að uppfæra og teikna inn nýja slóða, til frekari úrvinnslu. M.a. þarf að bæta við nýjum stikuðum gönguleiðum skáta, samræma þarf gögn Mosfellsbæjar og landssambands hestamannafélaga um fjölda og legu reiðstíga, og bæta inn þeim slóðum sem sjást á loftmyndum og ekki eru skráð í gögn frá Slóðavinum.

Erfitt er að áætla nákvæmlega um verklok þeirrar vinnu þar sem Guðrún er bundinn þeim verkefnum sem henni er úthlutað í garðyrkjudeildinni. Vonast er til að þessi gögn verði tilbúin áður en vorverk garðyrkjudeildar hefjast með aukinni útiveru. Guðrún og Tómas munu reyna að halda utan um þá tíma sem fara í þetta verkefni til þess að hægt sé að meta umfang þess þegar upp er staðið.

Næsti fundur vinnuhópsins er fyrirhugaður 27. janúar n.k.

Tómas Guðberg Gíslason
umhverfisstjóri